



Alþingi
Efnahag og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

HS/aa

Rvk. 30.03.2004

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um erlendar starfsmannaleigur, 125. mál, þar sem lagt er til að félagsmálaráðherra verði falið að undirbúa og leggja fram frumvarp til laga um starfsemi erlendra starfsmannaleigu fyrirtækja.

Samtök atvinnulífsins vekja athygli á því að um kjör starfsmanna sem erlendar starfsmannaleigur senda til starfa hér á landi fer samkvæmt lögum um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja nr. 54/2001. Samkvæmt lögunum ákveða kjarasamningar lágmarkslaunakjör þessara starfsmanna á sama hátt og gildir um íslenska starfsmenn.

Tilskipun ESB um útsenda starfsmenn var innleidd hér á landi með fyrrgreindum lögum en réttur fyrirtækja, þar með talið starfsmannaleiga, til að fara með starfsmenn sína milli landa er hluti þjónusturéttar EES samningsins.

SA fær því ekki séð að það samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt EES- samningnum að lögfesta sérstakar reglur um starfsemi erlendra starfsmannaleiga né að þess sé nokkur þörf. Eftirlit með launum og aðbúnaði erlendra starfsmanna lýtur í grundvallaratriðum sömu reglum og almennt gilda á íslenskum vinnumarkaði. Í nýgerðum kjarasamningum var auk þess gert sérstakt samkomulag um útlendinga sem m.a. heimilar trúnaðarmanni að kynna sér gögn um laun og önnur starfskjör erlends launafólks sé rökstuddur grunur um brot gegn viðkomandi kjarasamningi eða lögum.

Samtök atvinnulífsins mæla því gegn samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir